



Minnisblað vegna heimsóknar forsvarsmanna Land og skógs 8.7.2024

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi, ritaði minnisblað.

Mættir voru fyrir hönd Lands og skógs, Ágúst Sigurðsson, forstjóri og Birkir Snær Fannarsson, lögfræðingur stofnunarinnar og fyrir hönd Skorradalshrepp Jón Eiríkur Einarsson, oddviti, Pétur Davíðsson, formaður skipulags- og byggingarnefndar og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Pétur, Ágúst og Birkir hittust í Hvammi kl. 13:30 og fóru í vettvangsferð upp á Draga áður en hópurinn hittist allur á skrifstofu sveitarfélagsins um kl. 15:30. Markmið heimsóknarinnar var að fara yfir og kynna fyrir Landi og skógi framkvæmdir Skógræktarinnar í landi Stóru Drageyrar, Bakkakots og Stálpastaða sem átti sér stað 2022 og ekki voru í samræmi við gildandi aðalskipulag Skorradalshrepps.

Á skrifstofu Skorradalshrepps fór Sigurbjörg yfir málið, vísaði í greinargerð Landgræðslunnar þar sem tekið er saman umfang óleyfisframkvæmdar í landi Skógræktarinnar á Stóru Drageyri og Bakkakoti og leiðir til úrbóta. Sigurbjörg fór einnig yfir skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á umræddum svæðum. Til hefur staðið að taka málið til umfjöllunar hjá skipulags- og byggingarnefnd og fjalla um erindi Skógræktarinnar dagsett 12.12.2023 þar sem ýmsum leiðum til úrbóta er andmælt. Sigurbjörg leggur á það áherslu að fundnar verði leiðir sem báðir aðilar geta verið sáttir um. Megin markmiðið verði að ná að endurheimta fyrri landgæði eins og kostur er.

Í vettvangsferð upp á Draghálsi voru aðstæður kannaðar. Góð yfirsýn er yfir votlendið frá Geldingardraga. Vatn stóð ekki uppi í plógförum enda búið að vera töluverð þurrkatíð. Það er mat Ágústs og Birkis að þörf sé á að kanna aðstæður með drónaflugi yfir bæði slóða og umrætt votlendi til að sjá hvort að orðið hafi breytingar. Sigurbjörg telur mikilvægt að aspir verði fjarlægðar sem hafa verið gróðursettar og plógrásur verði lokað með því að ýta strengjum ofan í þær á ný eins og fram kemur í greinargerð Landgræðslunnar frá 8.11.2023 og þetta framkvæmt fyrir komandi vetur. Sigurbjörg leggur á það áherslu að notað verði létt tæki eins og lítil beltagrafa við framkvæmdina til að ekki myndist meira sár en orðið er.

Þegar drónamyndir liggja fyrir af slóða í Dragafelli verði teknar ákvarðanir um framhaldið. Sigurbjörg leggur til að reynt verði að móta landið í samræmi við landið eins og það var áður, þ.e. að vegfláum verði mokað upp á slóðann og efninu jafnað í samræmi við legu lands. Sigurbjörg hefur ákveðnar efasemdir um að setja moð í sár og leggur á það áherslu að ef að sáð verði í sár verði það gert með ein- eða tvíærum plöntum. Þetta þarf að ræða betur þegar taka á ákvarðanir um framhaldið.

Bakkakotsheiði er flóknara verkefni að mati fundarmanna þar sem er meiri breytileiki í vistkerfinu eins og fram kemur í greinargerð Landgræðslunnar. Ágúst og Birkir leggja til að teknar verði drónamyndir af svæðinu til að átta sig á því hvernig landið hefur þróast eftir 2022. Fundarmenn eru sammála því að mikilvægt sé að hindra vatnsrof í plógförum sem liggja þvert á hæðalegu, einnig að gróðursett birki verði ekki fjarlægð.

Aðilum var gerð grein fyrir óleyfisframkvæmdum í landi Stálpastaða og sýnt kort sem er hér hjálaga. Sveitarfélagið kærði ekki framkvæmdina en leggur áherslu á að það verði skoðað að breyta aðalskipulagi til samræmis við gróðursett svæði og/eða fjarlægja plöntur sem ekki eru/verða innan skilgreindrar skógræktar í aðalskipulagi. Þetta þarf að ræða betur innan hópsins.